

Árný Sigurðardóttir

Frá: Árný Sigurðardóttir
Sent: miðvikudagur, 8. janúar 2020 13:42
Til: Kolbrún Baldursdóttir
Efni: SV: getið þið sent mér upplýsingar

Sæl Kolbrún

Vísa í meðfylgjandi fyrirspurnir þínar, framsendar til mín. Spurningar þínar varðandi tölfraedi eins og fram kom í svari mínu til þín í gær, ekki hægt að svara nema að litlu leyti þar sem núverandi skráningarkerfi Heilbrigðiseftirlitsins gefur ekki færi á slíkum upplýsingum. Þú spyrð sérstaklega um fjölda hundeigenda yfir 60 ára en tölur um aldursdreifingu hundeiganda eru ekki aðgengilegar.

Varðandi fjölda hunda á skrá þá voru árið 2019, um 2500 hundar á skrá en hunda sem eru með leyfi er hægt að sjá hér hvar eru til húsa <https://reykjavik.is/hundaleyfi-i-gildi-i-reykjavik>. Kvartanir vegna hunda árið 2019 voru 84 auk annarra erinda er varða hundahald s.s. fyrirspurnir frá hundeigendum og íbúum. Allar kvartanir eru rannsakaðar skv. verklagi þar um og brugðist við eftir eðli máls og fyrirspurnum svarað. Erindin og kvartanir geta verið eins misjöfn og þær eru margar. Sum erindi og kvartanir taka fleiri ár að leiða til lykta en flest mál leysast eftir leiðbeiningar og/eða kröfur um úrbætur enda flestir hundeigendur í Reykjavík til fyrirmyndar. Hundaeftirlitið sinnir fjölmörgum erindum bæði komnum gegnum Þjónustuver vegna símatala eða viðtala og eins beint þar sem símanúmer hundaeftirlitsmanna eru gefin upp á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins eða með tölvupóstsamskiptum. Leiðbeiningar eru bæði til hundeigenda sem og annarra sem hingað leita vegna hundamála. Skráningar hunda fara þannig fram að hundeigendum ber að skrá hunda sína hjá okkur og ef hundaeftirlitið kemst að því að hundar eru óskráðir er viðkomandi gert að sækja um.

Varðandi sviftingu leyfa þá er slíkt sjaldgæft og þarf nokkuð til að slíku sé beitt. Á árinu 2019 var enginn sviftur leyfi en einni umsókn hafnað þar sem viðkomandi gat ekki uppfyllt kröfur og nokkrum öðrum leiðbeint aður en umsóknir bárust um að þeir gætu ekki fengið leyfi vegna annmarka. Nokkur bitmál komu upp á árinu 2019 og þau mál sett í farveg skv. verklagi þar sem rannsakað er hvort um hættulega hunda sé að ræða. Enginn hundur var aflífaður að kröfu Heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2019. Fjöldi lausagönguhunda var alltaf nokkur en flest þau mál leysast á staðnum þar sem hundeigendur hafa, eins og þeim ber skylda til, þegar náð hundi sínum eða hundaeftirlitsmenn hitta viðkomandi á staðnum. Aðra hunda sem hundaeftirlitið fangar er yfirleitt hægt að afhenda strax og einungis voru átta hundar teknir í gæslu hundaeftirlitsins í skemmri eða lengri tíma meðan verið var að ganga frá nauðsynlegum málum varðandi hundahaldið eða koma ómerktum hundum sem enginn vitjar eða eigandi finnst ekki, á nýtt heimili.

Varðandi fyrirspurn um hundagjöldin þá eru þau sett til að standa undir rekstri hundaeftirlits í Reykjavík sbr. ákvæði 1. gr. gjaldskrár fyrir hundahald í Reykjavík sjá

https://reykjavik.is/sites/default/files/gjaldskra_hundar_1189_2016_1.pdf

Gjaldskrár Heilbrigðiseftirlitsins þ.á.m. hundaeftirlitsins eru síðan unnar skv. leiðbeiningum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nr. 254/1999 hvað eigi að taka inn í þær og gjöld síðan ákvörðuð út frá kostnaði við reksturinn. Hægt er að sjá rekstur hundaeftirlits hér

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/rekstrarreikningur_2014_-2018_0.pdf

Hundaeftirlitsmenn eru tveir og starfa beint undir framkvæmdastjóra. Auk þess er undir launaliðnum stoðþjónusta s.s. lögfræðiaðstoð og ritaraþjónusta.

Með kveðju,

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Frá: Steinunn Jóhannesdóttir <steinunn.johannesdottir@reykjavik.is>

Sent: miðvikudagur, 8. janúar 2020 12:57

Til: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Efni: FW: getið þið sent mér upplýsingar

Með kveðju

Steinunn Jóhannesdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið

Sími: 411-8523

From: Kolbrún Baldursdóttir <Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is>

Sent: þriðjudagur, 7. janúar 2020 22:45

To: Steinunn Jóhannesdóttir <steinunn.johannesdottir@reykjavik.is>

Subject: SV: getið þið sent mér upplýsingar

Sæl

hvað eru margir hundaeftirlitsmenn núna, sé að einu sinni voru þeir 3

eru starfsmenn eins og ritari sem sinnir hundaeftirtitsskráningum auk hundaeftirlitsmanns?

Með Kveðju

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins.

Tjarnargata 12, 101 Reykjavík

<http://kolbrunbaldurs.is/>

S. 899 6783



Frá: Steinunn Jóhannesdóttir <steinunn.johannesdottir@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 6. janúar 2020 15:30

Til: Kolbrún Baldursdóttir <Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is>

Afrit: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Efni: SV: getið þið sent mér upplýsingar

Með kveðju

Steinunn Jóhannesdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið

Sími: 411-8523

Frá: Kolbrún Baldursdóttir <Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 6. janúar 2020 14:57

Til: Steinunn Jóhannesdóttir <steinunn.johannesdottir@reykjavik.is>

Efni: Re: getið þið sent mér upplýsingar

Svo velti ég fyrir mér þessum tölum sem segir fjöldi kvartanna hvort það eigi við um hundaeftirlitið? samkvæmt ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins voru kvartanir 79 árið 2018, og fer fækkandi samkvæmt skýrslunni? en ég fann þessar tölur á bls. 65 í fjárhagsáætlun kb

From: Steinunn Jóhannesdóttir

Sent: Monday, January 6, 2020 1:29 AM

To: Kolbrún Baldursdóttir

Subject: SV: getið þið sent mér upplýsingar

Með kveðju

Steinunn Jóhannesdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið

Sími: 411-8523

Frá: Kolbrún Baldursdóttir <Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 6. janúar 2020 11:56

Til: Hundaeftirlit <hundaeftirlit@reykjavik.is>

Afrit: Steinunn Jóhannesdóttir <steinunn.johannesdottir@reykjavik.is>

Efni: SV: getið þið sent mér upplýsingar

Sæl, ég er með nokkrar fyrirspurnir til ykkar er varða hundaeftirlitið og hundaskráningu velti fyrir mér hvort ég geti sent þær á þig og alla vega þá sérðu hverju þú getur svarað strax hvernig list þér á það?

Með Kveðju

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins.

Tjarnargata 12, 101 Reykjavík

<http://kolbrunbaldurs.is/>

Kolbrunbaldurs

kolbrunbaldurs.is

Kolbrún Baldursdóttir er borgarfulltrúi Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabili 2018-2022. Hér birtist yfirlit mála sem Flokkur fólksins leggur fram í borgarstjórn árið 2020

S. 899 6783



Frá: Hundaeftirlit <hundaeftirlit@reykjavik.is>

Sent: fimmtudagur, 2. janúar 2020 13:46

Til: Kolbrún Baldursdóttir <Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is>

Efni: SV: getið þið sent mér upplýsingar

Góðan dag – Ég áframsendi póstinn þinn til framkvæmdastjóra hundaeftirlitsins en hún er fjarverandi í dag. Tölvukerfið býður ekki upp á að greina hundaeigendur eftir aldri.

Með kveðju

Steinunn Jóhannesdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið

Frá: Kolbrún Baldursdóttir <Kolbrun.Baldursdottir@reykjavik.is>

Sent: fimmtudagur, 2. janúar 2020 13:42

Til: Hundaeftirlit <hundaeftirlit@reykjavik.is>

Efni: getið þið sent mér upplýsingar

Sæl og gleðilegt ár, mig vantar að vita hvað margir hundaeigendur eru yfir 60 ára í Reykjavík

Getið þið sent mér þá tölu

Eins eru hér fleiri spurningar sem væri frábært að fá svör við en kannski aðallega núna hvað margir hundaeigendur skráðir í borginni eru yfir 60 ára

1. **Hvað voru margir hundar skráðir í Reykjavík árið 2019?**
2. **Hveru margir eiga fleiri en einn hund?**
3. **Hvernig er aldursdreifing hundaeigenda?**
4. **Hvað margir eru yfir 60 ára?**
5. **Meðal hlutverka hundaeftirlits er að auka fræðslu, hvernig er þeirri fræðslu háttað til hundaeigenda?**
6. **Með hvaða hætti hefur hundaeftirlitið beitt sér í að fækka óskráðum hundum í borginni?**
7. **Hversu oft hefur hundaeftirlitinu verið tilkynnt um Lausagöngu hunda?**
8. **Hversu margir hundar sem eru óskráðir hafa verið færðir í geymslu?**
9. **Hversu oft og hversu margir hundar hafa á árinu verið færðir í geymslu vegna óþæginda sem þeir valda, vegna óþrifnaðar eða vegna þess að þeir hafa raskað ró manna?**
10. **Hversu margir af þeim hundum fóru ekki aftur til eigenda sinna?**
11. **Hversu margir hundar sem taldir eru hættulegir hafa verið færðir í geymslu og hversu mörgum hefur verið lógað samkvæmt 17. gr. *Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflifun.***
12. **Hversu margir hundaeigendur hafa verið sviptir leyfi samkv. 20. grein. *Svipting leyfis vegna brota.***
13. **Óskað er upplýsinga um önnur verkefni hundaeftirlits svo sem:**

Innkomin erindi þ.m.t. kvartanir?

Vinnsla kvartanna, verklagsreglur í því sambandi?

Fjöldi símtala varðandi hundamál í gegnum þjónustuver?

Símtöl í farsíma hundaeftirlitsmanna?

Skráðar kvartanir sem þurftu rannsóknar og eftirlits með, fjöldi og verklag?

Með Kveðju

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur.
Borgarfulltrúi Flokks fólksins.
Tjarnargata 12, 101 Reykjavík
<http://kolbrunbaldurs.is/>
S. 899 6783



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.